



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vorbréf 2021

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Rætur

Ég geng um skruðgarða borgar
og blómin horfa á mig
litríkum framandi augum
og ilmur þeirra er alltaf nýr

Í fjarska situr fölblá gleymmérei
á fötum lítils barns

Því blágresi, holtasóley og steinbrjótur
voru blóm bernsku minnar

Og rætur þeirra
verða alltaf mínar

Puríður Guðmundsdóttir



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG ánægjulegra sumardaga

„Ég er fjáls eins og fuglinn, flogið næstum ég gæti.“ heyrir stundum sungið á öldum ljósvakans. Orð að sönnu um þessar mundir þegar okkur eru nánast allir vegir færir, getum flögnað um vítt og breitt eftir að hafa upplifað að vera heima, ferðast heima og fundað heima.

Starf deilda hefur verið með ýmsu móti og sóttvarnarreglur síðustu mánaða óneitanlega sett mark sitt á fundi og áætlanir. Engu að síður má lesa í blaðinu um hugmyndaauðgi hjá mörgum deildum þessa önn og jafnframt gleði yfir að geta lokið starfsárinu með því að koma saman í nánd. Fræðsla, samtal, samvera og velgjörðir er góð blanda. Formönnum deilda eru færðar þakkir fyrir að senda inn pistla. Að þessu sinni birtast þeir ekki í stafrófsróð samkvæmt venju heldur réði lengd þeirra röðun.

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir tók vel í bón nefndarinnar að segja frá æskuárum sínum. Áhugavert er að fylgja Imbu bónda-og prestsdóttur frá Kolfreyjustað í Fáskúrsfirði um engjar og eyjar æskustöðvanna og ævintýrin í firðinum frá Skrúði.

Aldursforseti DKG á Íslandi Rannveig Sigurðardóttir í Gammadeild segir okkur eitt og annað frá lífshlaupi sínu sem spannar nú þegar eina öld. Má nærri geta að hún hefur lifað tímana tvenna.

Við vonum að þið njótið fréttabréfsins sem jafnframt er það síðasta sem þessi nefnd sér um. „Förum út til að fagna, lyftum freyðandi skálum, gleði og ánægju aukum, öllum leiðindum kálum.“

Með blómstarandi sumarkeðjum.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG:
Edda Pétursdóttir
Hildur Skarphéðinsdóttir
Svana Friðriksdóttir





Kveðja frá forseta DKG á Íslandi



Nú líður að lokum starfstímabils landssambandsstjórnar, en stjórnarskipti verða þann 1. júlí. Ég hef notið þess mjög að starfa fyrir samtökin og hefur virðing mín og væntumþykja fyrir þeim aukist og eflst. Ég hef átt því láni að fagna að fylgjast með mörgum deildarfundum, þrátt fyrir að ég hafi ekki getað heimsótt allar deildir eins og ég hafði vonast til. En þeir fundir sem ég hef setið hafa verið sérstaklega góðir og gefandi. Fagmennskan hefur verið í fyrirrúmi. Ég hef skynjað skýrt mannauðinn í samtökunum. Það hefur verið sérstaklega gefandi að finna fyrir vináttu og hlýju milli félagskvennanna á deildarfundunum. Við getum allar verið stoltar af samtökunum okkar. Ég þakka ykkur það traust að velja mig í embætti forseta og þakka ykkur samstarfið síðustu tvö árin. Vonandi getum við sem flestar hist í haust á ráðstefnudegi landssambandsþingsins.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars!
Ingibjörg Elsa

Styrkir veittir úr íslenska námsstyrkjasjónum

Meginhlutverk Íslenska námsstyrkjasjóðsins er að styrkja félagskonur í Delta Kappa Gamma á Íslandi sem vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi. Námsstyrkjasjóður heyrir beint undir stjórn landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi. Styrkur er veittur annað hvert ár, það ár sem landssambandsþing er haldið. Stjórn ákveður hvaða upphæð kemur til úthlutunar hverju sinni og tilkynnir úthlutunarnefnd um það. Heimilt er að skipta styrkuppþæð á tvo umsækjendur.

Á aðalfundi sem haldinn var 7. maí á Zoom var tveimur félagskonum veittur styrkur að upphæð 200 þúsund krónur.

Margrét Guðmundsdóttir í Epsilon deild fékk styrk vegna meistaraverkefnisins: Nýtt málproskapróf fyrir 6-10 ára. Verkefnið byggir á því að þróað verði nýtt greiningartæki/próf sem metur málproska barna á aldinum 6-10 ára. Þörfin fyrir nýtt greiningartæki virðist mjög brýn og ánægjulegt að geta látið það verða að veruleika með því að styrkja verkefnið.

Renata Emilsson Peskova í Gammadeild fékk styrk vegna doktorsverkefnis. Skólareynsla fjöltyngdra nemenda: Fjölvirknisrannsókn frá Íslandi.

Verkefnið er rannsókn þar sem kannað er samspil tungumálaforða fjöltyngdra nemenda og skólareynslu þeirra. Rannsóknin er eigindleg, hún sýnir mikilvægi allra tungumála fyrir nemendur og þörfina á að bera kennsl á viðeigandi kennslufræði til aðlaga tungumálastefnur í skólum.

Stjórn sjóðsins skipa:

Steinunn Guðmundsdóttir, Iotadeild formaður, Alma Dís Kristinsdóttir, Lambdadeild, Elín Rut Ólafsdóttir, Þetadeild og Valgerður Janusdóttir, Deltadeild.



Við bjóðum nýja stjórn landsambandsins velkomna til starfa

Á aðalfundi 7. maí var kosin ný stjórn landssambands DKG á Íslandi og tekur hún við störfum 1. júlí næstkomandi.



Guðrún Edda Bentsdóttir í Kappadeild var kosin forseti landssambandsins og tekur hún við af Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur.



Aníta Jónsdóttir í Betadeild var kosin fyrsti varaforseti og tekur hún við af Jónínu Hauksdóttur í Betadeild.



Guðný Helgadóttir í Gammadeild var kosin annar varaforseti og tekur hún við af Guðrúnu Eddu Bentsdóttur í Kappadeild.



Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir í Nýdeild var kosin ritari og tekur hún við af Anítu Jónsdóttur í Betadeild.



Elísabet Jóhannesdóttir í Deltadeild var kosin meðstjórnandi og tekur hún við af Theódóru Þorsteinsdóttur í Deltadeild.

Við óskum nýrri stjórn hjartanlega til hamingju með kjörið og hlökkum til samstarfsins.
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir



Frá deildum

Alfa

Eftir áramót 2021 blasti við að ekki yrði um venjubundna fundi að ræða og ákveðið að halda zoomfund en um svipað leyti barst boð frá Gammadeild um að halda sameiginlegan fund og var það gert í mars. Sá fundur var ágætlega sóttur og fyrirlesari var Sigríður Hulda Jónsdóttir sem fjallaði um seiglu, efni sem átti vel við á þessum einkennilega tíma.

Alfadeild hélt svo fund 20. apríl og þar fjallaði Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir um nýútkomna bók sína, *Aldrei nema kona*. Kristín Jóhannesdóttir var með Orð til umhugsunar og fjallaði um sorgina og mikilvægi þess að búa börn undir það sem komið getur fyrir í lífi þeirra. Formaður flutti nokkur orð á undan henni. Góður rómur var gerður að efni fundarins og var hann fjölsóttur.

Síðasti fundur vetrarins var haldinn 25. maí í Café Flóru í Grasagarðinum. Hann var með öðru sniði en venjulega enda dagurinn sólríkur og allir í sumarskapi. Hrund Logadóttir var með stutt spjall og Högni Egilsson kom og söng nokkur lög. Góður rómur var gerður að hvoru tveggja og konur héldu glaðar út í sumarið.

Með kveðju,
Erna Árnadóttir, formaður

Þeta

Af okkur Suðurnesjakonum í Þetadeildinni er það að fréttu að einn fundur hefur verið haldinn frá 1. janúar 2021. Sá fundur var 20. janúar og fór fram á Teams og tókst svona líka ljómandi vel.

Fundurinn var bókafundur og voru það rithöfundarnir og sambýlislíkið Jón Kalmann Stefánsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir sem lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum og svöruðu spurningum og vangaveltum Þeta systra. Það er gaman að segja frá því að á meðan Sigríður las var Jón í eldhúsinu að undirbúa kvöldmat og síðan tók hann við og Sigríður fór í eldhúsið, samvinna eins og hún gerist best. Þetta var góður fundur með upplestri ásamt hefðbundinni dagskrá, Orð til umhugsunar og félagskona kynnir sig.

Ekki hafa verið haldnir fleiri fundir og kemur þar til Covid og vilji félagskvemma til að forðast smithættu. En nú brosir við okkur betri tíð og stjórnin ætlar að hittast í næstu viku og leggja línur fyrir næsta haust og vetur.

Megi sól, gleði og bjartir dagar umvefja ykkur kæru Delta Kappa Gamma systur næstu mánuði.

Með kveðju úr Reykjanesbæ,
Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, formaður





Beta

Beta-deild hóf nýtt ár á bókafundum 19. janúar sl. sem var vel sóttur að venju. Alls voru 14 bækur ræddar af 19 konum en nokkrar konur fjölluðu sameiginlega um bók. Allt fór þetta fram í gegnum Zoom. Bókafundur hefur nokkra sérstöðu á starfsári Beta-kvenna enda leggja allar orð í belg. Bókalistinn er svo settur á síðuna okkar svo allar geti nú lesið yfir sig það sem eftir er ársins.



Fundi sem stóð til að halda í febrúar var slegið saman við næsta fund og hittust Beta-konur 9. mars á veitingastaðnum Bryggjunni á Akureyri. Fundinn sat góður gestur Ingibjörg Einarsdóttir úr Gammadeild, sem stödd var á Akureyri vegna Stóru upplestrarkeppinnar. Ánægjulegt þegar konur úr öðrum deildum sitja fundi og þetta var góð áminning um að við verðum að vera duglegar að rækta tengslin milli deilda. Gestur fundarins var Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Akureyrar. Hún ræddi bakgrunn sinn, hugmyndir um menntamál og svo auðvitað daglegar annir við að stýra höfuðstað Norðurlands.

Lokafundur starfsársins var haldinn 20. maí sl. í Alpýðuhúsinu á Akureyri. Sá fundur var í föstum skorðum og Helena Sigurðardóttir varaformaður opnaði fundinn með hugleiðingu. Í stuttu máli sagt hreyfði hún við fundarkonum með vangaveltum um hvernig augnablik geta umturnað lífi okkar og jafnvel breytt persónuleika.

Hún hvatti konur til að taka börnin sér til fyrirmyndar sem skynja tímann bara sem augnablikið núna og litlu skipti hvað gerðist áður og hvað gerist næst.

Gestur fundarins var Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir sem gegnir stöðu nýdktors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Valgerður og Andrea Hjálmsdóttir hafa rannsakað áhrif Covid-19 á fjölskyldulíf og í því sambandi birt ritrýndar greinar í íslenskum og erlendum tímaritum. Benti hún sérstaklega á grein eftir þær *Mæður á þriðju vaktinni í kórónaveirufaraldrinum* sem birtist nýverið í tímaritinu Íslenska Þjóðfélagið. Valgerður ræddi niðurstöður rannsóknar sinnar og Andreu sem virðast gefa vísbendingar um að heimsfaraldurinn hafi aukið hugræna byrði kvenna og mögulega afhjúpað að við séum ekki komin eins langt í jafnrétti kynjanna og við höldum. Um þetta spunnust góðar umræður t.d. um áhrif heimsfaraldurs á nemendur á öllum skólastigum.



Að loknum fundi sátu konur og nutu samveru eftir langan vetur.

Óhætt er að segja að vorið hafi látið bíða eftir sér fyrir norðan. En nú hafa Betakonur þegið bólusetningar af miklum móð og sagan kennt okkur að „vorið kemur, heimur hlýnar hjartað mitt.“ Allt skipulag mun vonandi verða auðveldara næsta haust og hægt að koma meiru í verk.

Með kveðju
Hildur Hauksdóttir, formaður



Eta

Fyrsti fundur Etadeildar á vorönn 2021 var haldinn 8. mars 2021 gegnum Zoom og tóku tuttugu og fjórar konur þátt í fundinum. Magnea Ingólfssdóttir flutti Orð til umhugsunar. Hún ræddi um flóttafólk bæði fullorðið og börn, mismunandi aðstæður þeirra og mikilvægi þess að tekið sé á móti þeim miðað við þarfir þeirra.

Fyrirlesari fundarins var dr. Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Fyrirlestur Berglindar nefndist, *Ástarkraftur, umhyggja og valdatengsl í markaðssamfélagi* og var hann fróðlegur. Hún ræddi um ástarkraft og samstöðu ekki síst á tímum veirufaraldurs og sagði að árangur samfélaga byggji ekki síst á óeigingjarnri umhyggju-og tilfinningavinnu sem oft sé ósýnileg öðrum en þeim sem njóta góðs af. Samkvæmt Berglindi þróaði Anna Guðrún Jónasdóttir hugtakið ástarkraft (love power) sem tilfinningaaudmagn sem vð búum yfir og getur ástarkrafturinn orðið arðrání að bráð. Hun talaði um að í kapitalisku samfélagi væri efnahagslegt varnarleysi ávísun á að hægt væri að þvinga fólk til að vinna fyrir ósanngjarnt fjárframlag sem hinn efnameiri gæti svo nýtt sér í eigin þágu. Samkvæmt Önnu Guðrúnu mætti heimfæra þetta á ójöfnuð í ástarsamböndum og í kynjuðu samfélagi væru konur oftari í undirskipaðri stöðu efnahagslega og táknrænt. Þá ræddi Berglind um skólasöguna og að tilurð skóla hafi byggst á aðgreiningu sem hafi byggst á stétt.

Annar fundur í Eta-deild var Zoom fundur haldinn 20. apríl 2021. Orð til umhugsunar flutti Ólöf Helga Þór. Hún um þá málfarsbyltingu sem á sér stað og við höfum öll orðið vör við og birtist sem enskuslettur í daglegu máli.

Í sinni skemmtilegu umfjöllun tók hún mörg lýsandi dæmi sem vörpuðu ljósi á hvað enskuslettur eru í raun algengar.

Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur fjallaði um bók sína *Spænska veikin* sem kom út fyrir síðustu jól. Gunnar kvaðst hafa velt mikið fyrir sér hvernig hægt væri að gera þessa sögu aðgengilega fyrir almenning, þ.e. læsilega bók en ekki vísindalegt rit. Hann valdi þann kost að segja sögur fólks með því að fylgja einstaklingum og vekja fólk til lífsins. Spænska veikin er skæðasta farsótt mannkynssögunnar því engin farsótt hefur drepit svo marga á jafn skömmum tíma. Fyrsti sjúklingurinn dó 1. nóvember 1918 og svo hrundi fólk niður næstu vikurnar. Reykjavík var eins og borg dauðans. Einn kafli bókarinnar heitir *Hetjur*. Þar er fjallað um fólk, aðallega konur sem lögðu fram ómælda vinnu við hjúkrun og fleira. Allar aðstæður voru mjög erfiðar. Sjúkrarúm voru fá og flestir dóu heima hjá sér. Þáttur þeirra sem lagði sig fram sjálfviljugt er aðdáunarverður. Forsíðumynd bókarinnar vísar til þessa hóps.

Læknar voru ráðalausir gagnvart veikinni og töldu að hún myndi ganga yfir eins og aðrar pestir. Landlæknir fékk á sig mikla gagnrýni fyrir aðgerðarleysi en hann hélt því fram að þetta væri sama veikin og kom sumarið áður og ekkert væri hægt að gera. Fólk í fjarlægari landshlutum greip aftur á móti til ráðstafana til að hindra samgang t.d. var alveg bannað að fara yfir Jökulsá á Sólheimasandi og yfir Holtavörðuheidi. Þannig tókst að verja stóran hluta landsins. Við lok framsögu Gunnars spurðu Eta-systur hann um ýmsa þætti varðandi bókina og í framhaldi af því var fundi slitið.

Með kveðju,
Björg Kristjánsdóttir formaður



Gamma

Á vorönn var haldið í hefð haustsins og áfram fundað á zoom fjarfundum sem urðu í allt sex talsins á starfsárinu. Á janúarfundinn kom þorgerður Aglá Magnúsdóttir og kynnti bókaútgáfuna Angústúru sem hún rekur ásamt Maríu Rán Guðjónsdóttur. Bækurnar frá Angústúru koma frá öllum heimshornum. Á leslista fyrir fundinn voru nokkrar bækur úr bókalúbbi forlaginu. Orð til umhugsunar flutti Soffía Sveinsdóttir og sagði skemmtilega sögu af frökkum nemanda sem kvartaði sáran yfir að þurfa að skila skýrslu á tölvutæku formi og sagði hana nútímasegg. Hann er í dag rithöfundur. Soffía nefndi að flestar kónnuðust eflaust við eftirminnilega nemendur sem síðar vekja athygli fyrir störf sín og kemur það oft ekki á óvart.

Á fundinum í febrúar fræddi ritari deildarinnar Hrefna Sigurjónsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri Heimilis og skóla okkur um SAFT verkefnið. Það stendur fyrir samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Hrefna greindi frá niðurstöðum kannana meðal foreldra og 13-16 ára ungmenna. Í lokin fjallaði Hrefna um tælingarmál á netinu og hvernig fræðsla og árverkni fagaðila hefur náð að stoppa atburðarás í nokkrum málum börnum til heilla. Orð til umhugsunar var í höndum Bryndísar Jónu sem taldi að G-vítamínið sem Geðhjálp hefur gefið út væri besta vítamínið. Hún ráðlagði öllum að gleðja aðra með geðvítamínum. Í byrjun mars var sameiginlegur fundur með Alfadeild. Sigríður Hulda Jónsdóttir félagi í Kappadeild flutti erindið *Þrautseigja í lífi og starfi*. Þar velti hún upp spurningunni hvað þrautseigja væri og hvernig mætti efla hana. Fræðilegar skilgreiningar þrautseigju og seiglu hafa breyst í tímans rás en í grundvallaratriðum er átt við úthald, aga, jákvæða aðlögun og getuna til að halda áfram. Seigla snýst líka um að lifa, njóta og að næra sig. Hún kynnti tíu gagnlegar leiðir til að rækta með sér þrautseigju

sem hún talaði um sem tíu mola konfektikassa og bauð að lokum þátttakendum að velja sér einn mola. Orð til umhugsunar komu úr báðum deildum. Hafdís Bára Kristmundsdóttir í Alfadeild ræddi hversu áhugaverða tíma við værum að upplifa, bæði krefjandi aðstæður sem og tækifæri. Fríða Bjarney Jónsdóttir í Gammadeild gaf innsýn í hugmyndafræði sem leik-og grunnskólar á Djúpavogi hafa innleitt og gengur út á að vinna gegn hraða í samfélaginu. Vera og njóta í stað þess að gera og þjóta.

Aprílfundurinn í vikunni eftir páska var síðasati zoom-fundur starfsársins. Stella í Heydal sagði frá lífshlaupi lamaðrar frænku sinnar í leiftri kvöldsins. Hennar lífsmottó var að láta fötlun sína ekki standa í vegi fyrir möguleikum sem lífið býður. Á síðasta fundi söknuðum við þess að hafa ekki náð að ræða saman um hagnýtu ráðin til að efla þrautseigju og seiglu. Upp kom sú hugmynd að prófa að skipta félagskonum í hópa á netinu (breakout rooms) til að fá tækifæri til að ræða saman og í leiðinni kynnast betur. Þetta gekk eftir og urðu fjörugar umræður í fjögurra manna hópum. Í lokin mættust allar á skjánum og kynntu helstu þanka og niðurstöður hvers hóps. Almenn ánægja var með fyrirkomulag fundarins og var kærkomið að prófa nýja nálgun á fjarfundi.

Gammakonur luku starfsárinu með samveru á Nauthól á björtu vorkvöldi í lok maímánaðar.



Þar nutum við þess að hittast, hlusta á ungt tónlistarfólk, spjalla og borða góðan mat. Sigríður Jónsdóttir veitti okkur innblástur og þakklæti með orðum sínum til umhugsunar.

Með hlýjum sumarkveðjum,
Edda Pétursdóttir, formaður



Iota

Fjórði fundur starfsársins var haldinn 20. janúar á Bókasafninu á Ísafirði. Það var mikil tilhlökkun hjá félagskonum að geta loksins hist í eigin persónu eftir langan tíma og ekki skemmdi það fyrir að flestum konum finnst bókafundir með skemmtilegri fundum. Á fundinum sögðu konur frá hvað þær hefðu helst verið að lesa og kenndi þar ýmissa grasa eins og von var. Fjölbreytnin var mikil og sköpuðust oft miklar og skemmtilegar umræður um bækurnar. Umsagnir um bækur sem konur hafa lesið koma oft að góðum notum við val að lesefni.

Fimmti fundur var haldinn 9. febrúar í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Á fundinum var inntökuathöfn þar sem Jónína Hrönn Símonardóttir var loksins tekin formlega í Iota deild DKG en það hafði dregist því félagskonum þótti ekki viðeigandi að hafa inntökuathöfnina í gegnum Zoom. Gestur fundarinn var Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Textílmíðstöðvar Íslands og fyrrverandi félagskona í Iota deild. Hún var á Zoom frá Blönduósi og kynnti fyrir okkur starfsemi og hlutverk miðstöðvarinnar. Textílmíðstöðin varð til við samþættingu á Textílsetri Íslands og Þekkingarsetursins á Blönduósi í byrjun árs 2019 en tilgangur miðstöðvarinnar er m.a. að vera alþjóðleg miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfssemi í textílframleiðslu, textíllistum og handverki í textíl.

Aðalbjörg Sigurðardóttir var með orð til umhugsunar. Í tilefni þess að hún mun flytja til höfuðborgarsvæðisins næsta sumar rifjaði hún upp breytingar á þeim árum sem eru liðin síðan hún flutti til Vestfjarða fyrir um 40 árum. Henni voru sérstaklega hugleiknar þær miklu breytingar sem orðið hafa í samgöngum og í skólalastarfinu.

Sjötti fundur fór fram í Grunnskólanum í Súðavík þann 23. mars. Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri tók á móti okkur og sagði frá starfsemi og byggingarsögu skólans.

Í skólahúsnæðinu eru grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli. Í lok fundar var farið í skoðunarferð um skólann.

Bryndís Gunnarsdóttir kynnti doktorsverkefni sitt sem fjallar um félagsleg samskipti tveggja ára barna í leikskóla. Hún fylgdi eftir börnum í leikskóla í níu mánuði og notaði m.a. myndbandsupptökur í frekari greiningarvinnu. Hún er að skrifa greinar sem verða birtar og vinnur að því að klára ritgerðina.

Hildur Halldórsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún talaði um borðspil, hvernig þau geta skapað samverustundir og minningar fyrir fjölskylduna, en einnig hvernig þau geta verið námstæki t.d. til að halda einbeitingu, læra að fylgja reglum, leysa vandamál og bæta ímyndunaraflíð.

Sjöundi og síðasti fundurinn var á skemmtilegum nótum og haldinn 19. apríl í Dokkunni - brugghúsi á Ísafirði. Gunnhildur Gestsdóttir, ein af eigendum Dokkunnar, hefur fengist við ýmislegt í gegnum árin og deildi reynslu sinni með okkur. Hún er meðal annars jógakennari og leiddi okkur í gegnum nokkrar jógaæfingar í upphafi fundar. Síðan kynnti hún okkur bruggferlið, sagði frá starfsemi og bauð upp á bjórsmakk.

Orð til umhugsunar voru í umsjón Steinunnar Guðmundsdóttir þar sem hún talaði um sköpun.

Með kærri kveðju,

Barbara Gunnlaugsson, formaður



Kappa

Kappasystur voru 25 í upphafi ársins og hefur mæting alltaf verið góð eða um og yfir 20 konur fyrir utan einn fund í mars sem varð að færa yfir á netið í snarheitum vegna breyttra sóttvarnareglna. Alls var fundað fimm sinnum á vorönninni og voru allir fundirnir fjarfundir fyrir utan þann síðasta sem fyrirhugaður er 27. maí.



Fyrirkomulag funda í Kappadeild er þannig að stjórn deildarinnar býr til starfsáætlun fyrir allt starfsárið sem er rædd og samþykkt á fyrsta fundi haustsins. Búnir eru til umsjónarhópar sem sjá um hvern fund og hefur þetta skipulag gengið mjög vel upp og dagskrá funda verið fjölbreytt og frjó. Þema starfsársins var valið áfram *Lýðræði og miðlalæsi* því fundarkonur telja að við eigum enn langt í land að hafa gert því nægilega góð skil. Undirtitill var ákveðinn *Að skapa heim og hafa áhrif* og var þar horft til allra þeirra ólíku heima sem við búum í, störfum í og erum sérfræðingar í. Oft heyrum við talað um sagnaheim, hljóðheim, menningarheima, tækniheim eða netheima sem geta víst auðveldlega breyst í „bergmálshella“ á samfélagsmiðlum.

Árið hófst á hefðbundnum bóka fundi 18. janúar og þar voru kynntar bækurnar *Aldrei nema kona*, *Raddir- Annir og efri ár*, *Eldarnir, ástin og aðrar hamfarir* og ljóðabókin *1900 og eitthvað*.

Á fundi 24. febrúar fékk deildin Elfu Ýri Gylfadóttur, framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar til að fjalla um þema vetrarins og auðvitað spunnust fjölmargar spurningar út frá efninu. Fundurinn 25. mars var undirbúinn sem staðfundur þar sem heimsækja átti Listasafn Íslands og fá kynningu á sýningunni *Halló geimur*. Hann var fluttur yfir á netið þar sem breyttar samkomutakmarkanir tóku gildi.

Á fundinum 20. apríl fjallaði doktorsneminn Rúna Sif Stefánsdóttir um mikilvægi svefns, svefnvenja og svefnheilsu ungs fólks. Erindið þótti sérstaklega brýnt þar sem líðan ungs fólks var ekki upp á það besta í heimsfaraldri. Stjórnin skipuleggur síðasta fund vetrarins og byrjar hann á Ljósmyndasafni Reykjavíkur þar sem fundarkonur fá leiðsögn um sýningu Sigurhans Vignis um „Hið þögla en göfuga mál“. Fundarkonur kveðja síðan starfsárið með því að borða saman og funda með alvöru rósum og kertum.

Stjórn starfsársins 2020-2021 skipuðu Hulda Anna Arnljótsdóttir formaður, Hildur Elín Vignir varaformaður, Sigrún Kristín Magnúsdóttir ritari og Herdís Anna Friðfinnsdóttir meðstjórnandi. Gjaldkeri er Áslaug Ármannsdóttir.



Kappakonur halda ótrauðar áfram inn í nýtt starfsár, reynslunni ríkari, margar fullbólusettar og allar fullar þakklætis hvornig mál hafa, þrátt fyrir allt, þróast.

Hulda Anna Arnljótsdóttir, formaður



Lambda

Fyrsti félagsfundur Lambdadeildar árið 2021 var haldinn á Sautjándajúnitorgi 7 í Garðabæ 22. febrúar. *Kynning á samtökum fólks á þriðja æviskeiðinu.*

Birna Sigurjónsdóttir sagði okkur frá samtökum fólks á þriðja æviskeiðinu, U3A sem eru alþjóðleg samtök fyrir fólk á aldrinum 50+. Samtökin voru stofnuð árið 2012 og hefur fjölgað jafnt og þétt í samtökunum, en félagsmenn eru nú hart nær níuhundruð. Samtökin standa fyrir vikulegum fundum sem innihalda fyrirlestra, heimsóknir í stofnanir, fyrirtæki og söfn og ferðalög innanlands og utan. Markmið samtakanna er að stuðla að fræðslu og virkni félagsmanna, efla kynni innan og utan U3A og taka þátt í rannsóknum og samstarfsverkefnum innanlands sem utan. Upplýsingar um félagið eru á vef-slóðinni www.U3A@u3a.is og þar er jafnframt hægt að sækja um félagsaðild en félagsgjaldið er hóflegt kr. 2000.- á ári. Birnu var þakkað fyrir áhugaverða kynningu og í kaffipásu var áfram rætt um þau fjölmörgu tækifæri sem bíður fólks á þriðja æviskeiðinu.

Fresta varð fundi sem halda átti 24. mars í listasafni Einars Jónssonar af óviðráðalegum aðstæðum í heimsfaraldri. Alma Dís ætlaði að leiða okkur um safn Einars Jónssonar og mun vonandi geta gert það á haustdögum. Einnig varð að fresta fundi til haustsins sem halda átti 20. apríl í Námsflokkum Reykjavíkur vegna Covid-19 á höfuðborgar-svæðinu. Ólöf Sigurðardóttir fv. skólastjóri Flataskóla ætlaði að segja okkur frá ferð þeirra mæðgna til S-Afríku þar sem þær fóru með tölvur og spjaldtölvur frá Íslandi og kenndu börnum á þær.

Annar félagsfundur Lambdadeildar árið 2021 var haldinn í Urriðaholtsskóla 10. maí. Í stuttu máli starfar Urriðaholtsskóli á tveimur skólastigum, leik- og grunnskóla og í framtíðinni verður hann fyrir börn á aldrinum 1 til 15 ára. Skólinn tók á móti sínum fyrstu nemendum í byrjun apríl 2018 en þá voru opnuð tvö

heimasvæði fyrir leikskólastig. Árið 2018 tók grunnskólastig til starfa og í dag eru nemendur frá 1 árs og upp í 6. bekk grunnskóla. Byggingu fyrsta áfanga lauk haustið 2019. Í honum eru sex heimasvæði leikskólabarna fyrir um 120 heilsdags pláss og fjögur heimasvæði grunnskólabarna sem rúma 240 nemendur. Gert verður ráð fyrir útibúi frá Bókasafni Garðabæjar á neðri hæð hússins sem og útibúi frá Tónlistarskóla Garðabæjar. Teymisvinna og samkenntsla árganga er ríkjandi í skólanum þar sem hverju barni er mætt þar sem það er státt. Gildi skólans eru Virðing - Umhverfi - Ábyrgð. Mikið er lagt upp úr því að vinna með skapandi og opinn efnivið þar sem leikurinn fær mikið pláss á báðum skólastigum. Færni og fimi í leik og starfi eru höfð að leiðarljósi til að byggja sterkan grunn og áhersla á að vinna með fjölbreyttar en um leið gagnreyndar kennslu-aðferðir. Barnið og þarfir þess eru ávallt í brennidepli um leið og starfsfólk skapar gott skólasamfélag fyrir börn, foreldra, samstarfsfólk og nærumhverfið.

Þorgerður sagði frá nokkrum brekkum sem hún og stjórnendateymi skólans hefur klifið og vóg þar hæst starfsmannavelta. Hún sagði líka að það hafi verið ævintýri líkast að reka skóla með starfsfólki frá mörgum þjóðernum. Í dag eru þrettán starfsmenn af áttatíu í kennaranámi. Á næsta starfsári verður gerð starfendarannsókn í samstarfi við háskólann á Akureyri þar sem kennarinn sjálfur verður í brennidepli þar sem ýmsir bæði innan og utan skólans veita leiðsögn í kjölfar áhorfs. Að lokum fór hópurinn saman og snæddi kvöldverð á veitingahúsinu Sjálandi.

Vonast er til að geta haft öfluga dagskrá á haustdögum 2021 en dagskráin mun verða skipulögð á stjórnarfundum í lok sumars/byrjun hausts þegar auðveldara verður að sjá fyrir um aðstæður í heimsfaraldri.

Með kveðju
Jódís Káradóttir, formaður



Mý

Frá áramótum hefur einungis verið haldinn einn fundur þriðjudaginn 9. mars 2021 í Eyjafirði sem bar yfirskriftina **Næring fyrir líkama og sál** og voru 18 konur mættar.



Kvöldið hófst kl 18.45 að Vökulandi í Eyjafirði. Þar tók Sólveig Bennýjar og Haraldsdóttir á mótí Mý-systur. Kyrrðarhofið Vökulandi er í mongólsku yurti/tjaldi. Vökuland guesthouse & wellness er annars vegar Kyrrðarhofið hins vegar gisting á neðri hæð íbúðarhússins. Í mongólska hofinu er hægt að bóka slökunarviðburði, jógaflæði og einstaklings-meðferðir. Að kynningu lokinni fengu konur að upplifa Yoga nitra slökun hjá henni Sólveigu. Þessi slökun var ákaflega vel þegin og náðu konur að losa sig við uppsafnaða streitu, þessara fordæmalausu tíma. Eftir slökunina var haldið á Lambinn í Eyjafjarðarsveit þar sem “nokkuð” hefðbundinn fundur var haldinn og kvöldverður snæddur. Katrín Fjóra formaður bauð konur velkomnar setti langþráðan fund og gaf Ingileif orðið. Ingileif sagði frá næsta Landsambandsþingi Delta, Kappa, Gamma á Íslandi sem verður 7.-8. maí 2021 í Reykjanesbæ. Yfirskrift þingsins er *Fjölbreytni og sveigjanleiki í menntun til framtíðar*. Ingileif sagði frá fyrirlesturum og fyrirkomulagi þingsins. Konur voru hvattar til

þess að fjölmenna á þingið. Sesselja fór með Orð til umhugsunar og kallaði þau *Ýmis orð*. Hún sagði margt fljúga gegnum hugann þessa dagana. Velti fyrir sér þroska, hvernig við þroskumst sem einstaklingar. Hún velti fyrir sér muninum á nægjusemi og naumhyggju. Það væri alls ekki það sama. Talaði um æsku sína á Borgarfirði Eystri þar sem hún ólst upp við mikla nægjusemi, sem var ekki valkvæð. Hún sagði að sér fyndist það forréttindi að hafa alist þannig upp. Sagði að unga kynslóðin í dag segðist EIGA RÉTT á hinu og þessu. Væri full af réttindum en þekkti ekki skyldurnar. Hún velti fyrir sér hvort Ísland væri barnvænt samfélag. Hún endaði lesturinn á að lesa eigið ljóð sem hún kallaði *Páskaljóð*. Sesselju var þakkað fyrir þessi góðu orð, fékk góðar undirtektir og umræður sköpuðust um málefnið.

Ásdís Arnardóttir sem er bæjarlistamaður Akureyrar, tók svo fram sellóið sit tog lék



Sarabande eftir J.S: Bach, Vegbúann eftir KK og að lokum The Mission eftir Moricone. Sellóleiknum var vel tekið og nutu konur þess að fá svo góðan tónlistarflutning. Komið var að dagskrárlokum og þakkaði Katrín Fjóra fyrir kvöldið og sleit fundinn.

Með kveðju,
Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, formaður



Ný

Félagskonur í Ný deild búa á dreifðu svæði svo strax í upphafi var tekin ákvörðun um að halda ekki almenna fundi í desember, janúar og febrúar þar sem veður geta verið válynd í svartasta skamdeginu. Í staðinn höfum við mætt á sameiginlegan jólafund með Beta og Mý deild á Akureyri. Vegna Covid höfðum við ekki haldið hefðbundinn fund í rúmt ár þegar áramótin runnu upp en nýttum okkur tæknina tvisvar síðasta ár.

Um síðustu áramót voru konur í Ný deild því orðnar ansi spenntar að geta hist í raunheimum en fyrsti fundur vetrarins var samt sem áður rafrænt bókasjall sem haldið var á Teams fimmtudaginn 7. janúar. Þar hittust nokkrar konur og áttu skemmtilegt spjall um bækur sem þær höfðu lesið um jólin. Sumar höfðu lesið meira en aðrar og gátu kynnt fyrir okkur hinum margar bækur og líklega höfum við allar fengið hugmynd að nýrri bók til að lesa. Þetta var ákaflega notaleg stund og gaf þeim sem sóttu heilmikla andlega orku.



Fimmtudaginn 18. mars var haldinn fundur í Kvennaskólanum á Blönduósi en þar tók á móti okkur Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla og fór yfir sögu skólans.

Hún fór einnig með okkur í skoðunarferð um skólann og var það bæði fróðlegt og skemmtilegt. Þórhalla tók líka að sér að vera með orð til umhugsunar.



Ætlunin var að halda fund í apríl en þar sem faraldurinn var kominn í uppsveiflu aftur var honum frestað og þurfti að aflýsa honum þegar hópsmit kom upp í Skagafirði í byrjun maí. Nú er staðan önnur og hlökkum við til að hittast hjá Sigrúnu Lárusdóttir í Spákonuhofinu á Skagaströnd í byrjun júní og verður sá fundur einnig aðalfundur.

Við í Ný deild stefnum ótrauðar áfram og hlökkum til að geta haldið fleiri fundi og eytt meiri tíma saman á meðan við eflum deildina okkar og fræðumst í leiðinni. Það hefur verið krefjandi að halda dampi í nýrri deild þegar erfitt er að halda fundi en við erum bjartsýnar og stefnum að því að stækka deildina okkar og vonum að okkur takist að nýta þessar áskoranir til að eflast og styrkja tengslanet okkar.

Kristín G. Snæland, formaður



Zeta

Starf deildarinnar á vorönn 2021 hefur verið töluvert öðruvísi en lagt var upp með er við skipulögðum starfsárið okkar í haust. Einn fundur hefur verið haldinn hjá deildinni 24. mars í Vök baths á Fljótsdalshéraði. Við í Zeta deild höfðum nýtt okkur tæknina og haldið nokkra net-fundi en þarna var vilji félagskvemma að hittast í “raunheimum” og gildandi stóttvarnaraðgerðir heimiluðu slíkt þá. Því var ákveðið að boða til þessa fundar en síðasti fundur deildarinnar hafði verið haldinn í gegnum Teams í desember 2020. Á fundinn í Vök mættu níu konur, kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi auk þess sem markmið félagsins voru lesin upp. Gestur fundarins var Íris Lind Sævarsdóttir listþerapisti, en hún er með B.Ed. próf í myndlist og MA í fine art frá Winchester School of Art. Hún flutti erindi varðandi listþerapíu sem er mikið notuð sem form tjáningar í gegnum skapandi verkefni í litum og hefur verið að gefast vel fyrir alla aldurshópa til að losa um tilfinningar. Helga Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar og sagði frá styrk sem Alcoa úthlutaði Fljótsdalshéraði. Styrkurinn er ætlaður til að efla nám og kennslu í raunvísindum og tengdum greinum sem hefur nýst menntastofnunum sveitarfélagsins afar vel bæði varðandi kaup á búnaði og námsefni auk menntunar fyrir kennara. Eins ræddi hún um mikilvægi sterkrar sjálfsmýndar einstaklinga og áhrif hennar á líf og velgengni þeirra. Í lokin snæddu fundarkonur saman dýrindis blómkálssúpu og brauð og ræddu saman um málefni fundarins og ekki síður líðandi stundar því þennan dag skömmu fyrir fund tilkynnti ríkisstjórnin áform um verulega hertar sóttvarnaraðgerðir þar sem skólum á öllum skólastigum nema leikskólanum yrði lokað í tvær vikur og áttu þessar breytingar að taka gildi á miðnætti. Ákveðið var að sameina apríl-fund og vorfund deildarinnar og verður hann haldinn í byrjun júnímánaðar.

Stjórn deildarinnar átti mest í samskiptum í gegnum netið en náði þó að halda einn fund á Reyðarfirði í apríl, þar sem við meðal annars vorum að undirbúa vinnuna fram undan. Í framhaldi af fundi stjórnarinnar þar sem við, yfir kaffibollanum, áttum spjall um ýmsa þætti skólustarfsins á þessum sérstöku tímum sem við lifum núna var okkur tíðrætt um gildi þess að hafa skólana okkar mannaða öflugum fagfólki. Það er um margt aðdáunarvert að sjá hve lausnamiðaðir kennarar, skólastjórnendur og fræðslufirvöld hafa verið í nálgun sinni við að halda skólunum/menntun barnanna gangandi. Það er ekki síst á tímum eins og þessum sem mikilvægi skólanna kemur sterkast fram þar sem við horfum til þess að innan veggja skólanna búi öll börn við félagslegt réttlæti, þar ríki jafnræði og börnin lifi, læri og leiki sem jafningjar.

Njótið sumarsins með bestu kveðjum,
Guðmunda Vala Jónasdóttir, formaður

Epsilon

Formaður hefur verið í sambandi við systur í gegnum fésbókarsíðu Epsilon deildar og við skipst þar á skoðunum. Ákváðum snemma í faraldrinum að halda að okkur höndum þar til bólusetningar koma til með að einfalda okkur lífið. Bókafundur var haldinn á Teams 18. febrúar, þar var góð þátttaka og systur almennt glaðar en spjallað var fram og tilbaka um góðar bókmenntir og skipst á skoðunum. Margar systur tjáðu sig að fundi loknum, fannst ljómandi að „hittast“ aftur og flestar nefndu að það hefði verið gott að sjá kunnugleg andlit.

Talandi fyrir munn flestra okkar systra þá verður ákaflega gleðilegt að hefja starfið núna næstkomandi haust þegar lífið í samfélaginu verður komið í eðlilegt horf á ný.

Með kveðju,
Ingibjörg Ingaðóttir, formaður



Æskuárin á Kolfreyjustað

Imba bónda-og prestsdóttir segir frá

„Kolfreyjustaður er undursamlegt jarðneskt himnaríki við rætur hins háa fjalls, með glitrandi fjöru, kul af hafi og þey af heiðum, fugl í eyju og útvörðinn Skrúð í fjarðarmynninu. Fjaran er djásn, óviðjafnanleg eins og steinasafnið á prestsetrinu bar með sér.“ Þessi orð skrifaði Þorgrímur heitinn Jónsson í minningargrein um föður minn séra Þorleif Kjartan Kristmundsson árið 2000. Ekkert af þessum orðum eru ýkjur og á þessum dásamlega stað ólst ég upp. Foreldrar mínir Þorleifur Kjartan og Þórhildur Gísladóttir sátu Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði frá 1955 til 1994, en þar hefur verið kirkjustaður a.m.k. frá siðaskiptum fram á 21. öld.

Að alast upp úti í sveit upp úr miðri síðustu öld var afar gott og hollt. Faðir minn var ekki bara prestur, hann var sálusorgari og sálahirðir safnaðarins og heimilið var öllum opið - árið um kring. Ekki var gerður mannamunur og allir velkomnir. Eftir messur komu kirkjugestir inn í messukaffi og þá var margt skrafað og oft hlegið dátt. Kolfreyjustaðarkirkja var kirkjan mín og ég fór alltaf í messu og söng í kirkjukórnum eins og hinir sveitakrakkarnir. Mamma fór í messu í Fáskrúðsfjarðarkirkju á aðfangadagskvöld, annars á Kolfreyjustað. Við hjálpuðum til fyrir messukaffið, bökuðum vöffur, smurðum brauð og lögðum á borð. Allar athafnir fóru fram úti í kirkju en fólk kom inn og klæddi sig upp og snyrti sig, skírnarbörn voru klædd í skírnarkjóla inni í húsi og borin út í kirkju vafin í sæng eða teppi. Við biðum alltaf spennt eftir að fá að vita hvaða nöfnum börnin voru skírð.





Ég man eftir brúðkaupi sem fór fram að næturlagi í júní. Brúðhjónin höfðu ákveðna dagsetningu í huga en þá var pabbi að fara með fermngarbörn upp að Eiðum. Hann kom með þá tillögu að hann gæfi þau saman eftir miðnætti til að rétt dagsetning fengist og þau voru til í það. Guðrún á Lækjamóti sem var organistinn kom og spilaði, pabbi gaf hjónin saman og mamma bauð svo öllum inn í kaffi og kökur.

Árið 1990 fauk kirkja í brjáluðu vestan roki en það var verið að gera hana upp og hún stóð eiginlega á tjökkum. Kirkjan var þá öll tekin niður og geymd inni í bílskúr til næsta sumars. Þá var hún sett upp aftur. Undir voru 1991 hringdi sóknarborn í pabba og bað hann um að skíra fyrir sig barn. Sérstaklega var tekið fram að skírinn yrði að vera á Kolfreyjustað því þar höfðu öll prestsverkin fyrir fjölskylduna verið unnin og öll tekist svo vel. Þá var skírnarfonturinn sóttur inn í hús, settur á grunninn og barnið skírt.



Þorleifur og Þórhildur aftast, Kristmundur Benjamín, Þórhildur Helga Þorleifsbörn, Hjörtur Kristmundsson (fósturbróðir) og Steinvör Valgerður. Fremst Guðný Sigríður Þorleifsdóttir, Sigríður Inga Sigurðardóttir, Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir og Jón Helgi Ásmundsson (fósturbróðir).

Faðir minn var Reykjavíkurbarn en hafði verið í sveit norður í landi á sumrin og móðir mín ólst upp suður í Garði þar sem faðir hennar var með búskap. Þau voru sammála um vera með ær og kýr og mamma var með fiðurfé, hænur, aliendur og gæsir. Við systkinin vorum ekki há í loftinu

þegar við fórum að snúast í kringum húsdýrin, sækja eggin, gefa hænunum, fylgjast með gæsunum og varpi þeirra, bera vatn í ungana því mörg voru handtökin. Vorið var alltaf skemmtilegt því þá vaknaði náttúran til lífsins, gróður spratt og þá þurfti að setja niður kartöflur, rófufræ og alls kyns kál. Okkur fannst ekki alltaf gaman að pæla upp kálgarðinn, reita arfann og fleira sem tengdist ræktuninni en við gerðum það nú samt. Þegar uppskeran var góð þá var nú aldeilis gott að hafa tekið þátt í henni og bæði sætt og sælt að smjatta á rófunum og rabbarara.



Við með hvolpinn og lambið erum Guðmundur Þór Ásmundsson (bróðir Jóns Helga), Guðný og Ingibjörg.

Svo var það sauðburðurinn á vorin. Fyrstu árin báru þær úti og við fórum í gönguferð innan girðingar reglulega allan sólarhringinn til að fylgjast með að allt gengi vel. Síðar hugkvæmdist pabba að taka ærnar inn þegar þær nálguðust burð og það létti okkur lífið. Þá vorum við á vaktinni á daginn en pabbi tók flestar næturvaktirnar. Eldri systir mín var betri en enginn við að aðstoða ærnar sem áttu erfitt með að bera og hún bjargaði mörgum lömbum í heiminn. Það var ekki bara að taka vaktir í fjárhúsinu, það þurfti að skrá í fjárbók allt um ærnar og lömbin og fylgjast með þegar þau voru mörkuð og bólusett. Í maí fórum við með girðingunni kringum túnið og athuguðum hvort hún héldi - eins og sagt var - og síðan var arkað af stað með pabba í girðingaviðgerðir, með járnkarl og girðingalykkjur. Þá var hægt að setja lambærnar út.



Haustin voru tími sorgar vegna lambanna sem fóru í sláturhúsið og gamalanna sem höfðu skilað sínu. Haustið 1956 voru töluvert margar ær sendar í sláturhúsið og eldri systir mín grét fögrum tárur yfir því. Mamma reyndi að útskýra fyrir henni af hverju þurfti að farga ánum og þá orgaði systir mín enn hærra og spurði hver ætti svo að lóga ömmu - sem var ekki orðin sextug. Ömmu var ekki skemmt við þessa samlíkingu.

Fyrripartinn í júní var farið út í Andey og Æðasker til að athuga hvort kollurnar væru farnar að setjast upp. Og þegar leið á mánuðinn fórum við út í eyju til að tína dún og hlúa að kollunum. Við gengum sikk sakk með strigapoka á öxl og hirtum dúninn úr hreiðrunum - en meðan egg voru í hreiðrunum skildum við alltaf svolítinn dún eftir. Þetta voru skemmtilegir tímar. Það var helst ekki farið út í eyju nema í góðu veðri, og stundum gistum við þar í tjaldi. Ekki var til bátur á Kolfreyjustað svo við fengum að fljóta með trillukörlunum þegar þeir voru á leið á miðin úti við Skrúð. Okkur fannst þetta mikið sport það var svo notalegt að borða nesti og slappa af þegar vel hafði gengið. Æðarbúskapurinn var bestur því þar þurfti ekki að farga lífum heldur bjarga þeim sem flestum. Trillukarlarnir kipptu okkur svo með til baka á heimleiðinni. Og þegar heim var komið voru garðarnir í fjárhúsunum notaðir til að þurrka dúninn og stundum bárum við hann út til að fá sólargeislana í hann. Varpið var oftast búið í byrjun júlí en það var farið í eftirleitir um miðjan þann mánuð. Svo tók heyskapurinn við - og þá var flest gert í höndum. Það var jú til dráttarvél sem var notuð við sláttinn en við snerum í heyinu og rökuðum saman með hrífum og allir hjálpuðust að. Á þessum árum skipti afar miklu máli að spáin væri góð þegar slegið var svo heyið yrði kjarngott fyrir ær og kýr. Það var svo flutt heim í hlöðu og þess gætt vel að dreifa úr því síðan var blásturinn settur á til að heyið yrði örugglega þurrt. Þá þurfti að gæta þess að vel væri troðið með hliðum svo blásturinn færi ekki allur þar upp.

Kýrnar voru dálítið á ábyrgð mömmu. Hún mjólkaði oftast nær og eldri systir mín var líka

lagin við að mjólka. Henni þótti reyndar skemmtilegra að mjólka upp í fjósaköttinn en ofan í fötuna. Og hreinlætið - það þurfti nú að gæta vel að því. Þvo júgrin á kúnum með germedínblöndu, þrifa mjólkurfötunar, hafa mjólkursíuna tandurhreina svo og brúsana. Við kembdum kúnum, grettum okkur framan í nautið Geysi og mokuðum flórinn. Á sumrin reru margir Fáskrúðsfirðingar dagróðra á litlum trillum. Einn vinur okkar kom upp að klöppunum fyrir neðan bæinn nokkuð reglulega og þá hlupum við með strigapoka sem við köstuðum um borð til hans. Hann setti svo glænýjan fisk í pokann og stundum fannst okkur hann hafa verið of rausnarlegur þegar við burðuðumst með pokann upp túnið.

Með kálfunum eru Jón Helgi, Ingibjörg, Anna Þorgríms og Guðný.



En við börnin vorum nú alls ekki að puða og púla alla daga. Við lærðum að vinna, bera ábyrgð en við fengum líka heilmikið að leika okkur. Við áttum bú uppi í klettum fyrir ofan íbúðarhúsið og þar vorum við með „ær og kýr“ sem sagt horn og kjálka. Í gamalli hlöðu sem kallaðist Lækjarhlaðan vorum við með innibú þar sem við drullumölluðum og héldum kökuboð fyrir fjölskylduna. Við fórum í berjamó, klifruðum í klettum, ræddum við huldufólkið sem amma sagði að byggi allt um kring og gerðum margt okkur til dundurs.

Svo urðum við stór - fórum til mennta en lengi togaði Kolfreyjustaður í mig á vorin og sumrin og togar raunar enn.

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir í Epsilon



Orka, kraftur og áhugi sem smitar mann

Viðtal við Rannveigu Sigríði Sigurðardóttur féлага í Gammadeild



Á fallegum vordegi heimsótti undirrituð Rannveigu Sigríði Sigurðardóttur í bjarta íbúð hennar við Kópavoginn. Voginn sem nefndur er eftir kópum sem hvergi voru sjáanlegir. Aftur á móti voru þeir iðulega á svamli fyrir utan Mýrarnar þar sem Veiga Sigga er alin upp á bænum Vogu.

Rannveig er fædd 26. júní 1920 að Vogu og verður því 101 árs í þessum mánuði. Foreldrar hennar Guðrún Árnadóttir og Sigurður Einarsson ólust bæði upp á Mýrunum og hafði móðurættin búið í Vogu mann fram af manni. Þau tóku við búinu þegar afi og amma Veigu Siggu fluttu til Reykjavíkur. Reisulegur bærinn stóð við sjávarkambinn en langafi hennar hafði keypt amtmannshúsið á Arnarstapa, tekið það niður spýtu fyrir spýtu og flutt það yfir flóann árið 1849 og reist aftur.

Það liggur beinast við að byrja að spyrja um æskuárin og svarar Veiga Sigga því til að lífið hafi verið fábrotið. „Fábrotinara en nú er en manni leið vel og hafði nóg fyrir stafni. Maður byrjaði fljótt að vinna með fullorðna fólkinu. Fór að moka fjósið og reka kýrnar, smala þegar maður var orðinn aðeins eldri. Það var ekki ríkidæmi enda allir fátækir en engu að síður myndarbú með hefðbundnum sveitabúskap. Allar tegundir húsdýra; kindur, kýr og hestar sem voru nauðsyn þar sem akvegir voru engir utan troðningar og hestar notaðir til að komast á milli staða.“

Þegar Sigga Veiga var 5 ára eignaðist hún systurina Rúnu. Hún leit eftir með systur sinni en segir að það hafi ekki verið barnfóstrustarf heldur voru þær systur að leika sér í hæðum og hólum þegar þær voru ekki að hjálpa til. Hún minnst þess að á vorin fóru þær með leggi sína og skeljar upp á bæjarhólinn og útbjuggu sína sveit. Á haustin var hornum og leggum smalað saman og tekin á hús yfir veturinn rétt eins og lifandi skepnurnar. Utan að lömb þeirra systra fóru ekki til slátrunar.

Það eru eyjar og hólmar allt í kring og ég spyr um hlunnindi sem fylgdu staðsetningu æskustöðvanna. „Það var alltaf nóg að bíta og brenna, nóg af fiski og kjöti. Eyjarnar fyrir utan voru hvítar af lunda og sjórinn aftur á móti svartur af lunda eins og við sögðum oft. Kofan var söltuð og borðuð allan ársins hring. Minkur komst seinna í eyjarnar og þá hvarf lundinn. Það var svolítill selveiði, fyrst og fremst fyrir skinnin en selkjöt líka borðað, bæði nýtt og saltað. Hrognkelsi veitt í net og eggjataka, æðaregg og svartbaksegg í eyjunum og svo var það kríuvarpið. Þá mátti tína kríuegg alveg eins og hver vildi. Heilu föturnar af kríueggjum sem sett voru í pott og eldað. Þetta var mikil búbót fyrir heimilið. Í stórstraumsfjöru var bara leir á milli hólma og skerja og var hægt að ösla í lónunum á milli þeirra. Manni fannst þetta bara eins og að vera í ævintýri, að grípa rauðmaga þegar svartbakurinn var búinn að draga hann úr lónunum og færa að skerjunum. Þá hlupum við til og hirtum rauðmagann, fórum með heim í soð



eða að grásleppan var hengd upp enda sigr grásleppa í uppáhaldi hjá eldra fólkinu á bænum.”

Var mannmargt á þínu æskuheimili? „Já það má segja það, sérstaklega á sumrin. Margir sumarkrakkar og gestir, þá var svo mikið um það að koma börnum í sveit. Margir komu sumar eftir sumar enda frjálsræði mikið í sveitinni. Það var voða spennandi fannst þeim. Bæði voru það skyldmenn og vandalausir ásamt vinnufólki til að hjálpa við heyskapinn. Föðursystir mín bjó einnig heima í Vogu ásamt tveimur sonum sínum en hún var fráskilin. Nóg var plássíð enda húsið stórt á tveimur hæðum, mörg herbergi, tvær stofur og stórt eldhús. Handtökin voru mörg og hvorki rafmagn né rennandi vatn í húsinu og þannig var það alveg þangað til foreldrar mínir brugðu búi og fluttu til Reykjavíkur árið 1956. Gaman er að segja frá því að húsið var síðan tekið niður spýtu fyrir spýtu árið 1983 og flutt til baka á Arnarstapa þar sem það var endurreist, oft kallað Stapahúsið.”

Á þínum yngri árum var það ekki sjálfgefið að ganga menntavegin, sérstaklega fyrir stúlkur. Var það alltaf stefnan að menntast? „Bæði mömmu og pabba var það mikið í mun að við dæturnar færum menntavegin. Pabbi braust til mennta orðinn nærri þrítugur, þá fór hann í Flensborgarskólann í Hafnarfirði og það nýttist honum að mörgu leyti vel þótt hann væri bóndi. Hann sinnti ýmsum störfum í sveitinni, var í öllum mögulegum nefndum og í tvo vetur var hann farkennari. Ég var í farskóla, kennarinn kom á þá bæi þar sem nóg pláss var, bæði til að kenna og að hýsa farkennarann. Hann var svona tvær til þrjár vikur á sama stað. Maður þurfti ekki alltaf að vera í skólanum en var sett fyrir ákveðin verkefni. Kennarinn fór hring um sveitina og kom svo aftur. Þetta var náttúrulega stopult og misjafnt milli bæja. Síðan voru vorpróf. Við systur vorum einstaklega heppnar því pabbi var svo natinn við að kenna okkur. Ég fór síðan í Kvennaskólann og var þar við nám í þrjá vetur og þegar ég kom aftur heim í sveitina fór Rúna systir í Samvinnuskólann sem þá var í

Reykjavík. Við vorum svo heppnar að Sigurborg móðursystir okkar bjó í Reykjavík og bjuggum við hjá henni.”



Systurnar Rannveig og Rúna fyrir utan æskuheimilið.

Hvernig var að koma aftur í sveitina eftir námið við Kvennaskólann? „Það var indælt enda undi ég mér vel í sveitinni. Ég fór svo aftur til Reykjavíkur og vann í þrjú ár eða þar um bil í verslun á Laugavegi 31 sem hét Marteinn Einarsson og co, á horni Vatnsstígs og Laugavegar. Þetta þótti voðalega fín búð og var verslað með ýmislegt m.a. fatnað, álnavöru og teppi. Ég var aðallega í dömudeildinni og ég man hvað innréttingarnar voru fallegar, sérsníðaðar úr franskri eik og stigarnir á milli hæða með rendu handirði og vegluegum stólpum. Síðan bauðst mér að fara í handavinnudeild við



Auglýsing frá árinu 1949.



Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri og mikill áhugamaður um listnám bauð mér skólavist við þessa nýstofnuðu deild sem var undirbúningur fyrir kennarstarfið. Eftir árs nám var ég í fyrsta hópi útskrifaðara handavinnukennara árið 1949. Við vorum 16 talsins og margar okkar héldum sambandi alla tíð en núna er ég ein eftir. Við skólann voru fleiri deildir en þetta var mjög sérhæft nám þó lærði ég eitthvað í teikningu og málun líka.”



Rannveig og Gunnar eiginmaður hennar í kringum 1950.

Mér skilst að þetta hafi verið örlagaríkt ár hjá þér? „Já, það má segja það. Ég kynntist manninum mínum Gunnari Guðmundssyni sem var á sama tíma við skólann og útskrifaðist sama ár sem smíðakennari. Hann var frá Hrólfskála á Seltjarnarnesi þar sem tengdaforeldrar mínir voru bændur. Við giftum okkur árið 1952 og eigum tvær dætur, Guðrúnu og Sigurborgu. Gunnar var um tíma

smíðakennari en síðar skólastjóri við Kársnesskóla allt þar til hann lést 59 ára gamall.”

Fórstu strax að kenna eftir útskrift? „Það gerði ég og byrjaði að kenna handavinnu við Gagnfræðaskóla verknáms sem tók til starfa 1950. Þetta var 2ja ára verknám og veitti sömu réttindi og gagnfræðapróf úr bóknámsdeildum. Fyrst var skólinn til húsa í Brautarholti 18 og síðar við Ármúla en það húsnæði var sérstaklega hannað fyrir verknám. Þegar skólinn breyttist í framhaldsskóla var handavinnukennsla við skólann lögð niður. Þá var farið að líða að starfslokum hjá mér en ég kenndi í tvö ár við Hagaskóla og lauk þar minni starfsævi eftir 33ja ára handavinnukennslu fyrir tæpum 40 árum.”

Rannveig er hláturmild og hlær þegar hún furðar sig á þessum árafjölda. Það liggur því beinast við að spyrja hvort hún hafi góð ráð fyrir lesendur til að stuðla að langlífi. „Ég er alltaf tilbúin að segja að sunnið gerir manni mikið gagn. Ég hef lengi stundað sundleikfimi og það er sannkallaður lífsins elexír. Fer enn í sunnið þó það hafi komið þása undanfarið vegna covid faraldursins. Skapgerðin hefur held ég líka mikið að segja, jafnaðargeð og að vera jákvæður gagnvart lífinu og tilverunni. Gæti trúað að það spili stórt hlutverk. Það er nauðsynlegt að hafa jákvæðan hugsanarhátt.”

Ég spyr um píanóið í stofunni og hvort hún sé tónelsk. „Menntun var í fyrirrúmi á æskuheimilinu, má segja að ég hafi alist upp á menningarheimili, mikið um bóklestur og séð til þess að hafa nóg af lesefni. Það var sungið og orgel var heima í stofu, pabbi spilaði og var organisti við Akrakirkju og Rúna systir var ekki nema 15 eða 16 ára þegar hún byrjaði að spila á orgelið við messur heima á Mýrunum, hún dó fyrir sex árum. Ég spilaði aldrei mikið en söng í kirkjukórnum heima frá unga aldri og var síðan í kirkjukór Kópavogs í rúmlega 40 ár.”



Nú ert þú ein af stofnmeðlimum Gammdeildar, hvernig kom það til? „Það var skritin tilviljun, svoleiðis var að ég átti erindi til kennarasamtakanna þar sem Pálína Jónsdóttir starfaði. Þekkti hana lítið þá og hún spyr mig allt í einu hvort ég vilji ganga í samtök kvenna í menntageiranum. Ég kváði en var svo búin að segja já áður en ég vissi af. Þetta hefur verið árið 1977 því deildin er stofnuð 5. júní það ár og ég sé ekki eftir því að slá til. Starfið hefur raunverulega gefið mér heilmikið, svo dásamlegt og gefandi. Ég kannaðist við nokkrar en þekkti þær ekki. Gammakonur eru hver annarri yndislegri og þægilegri, vel menntaðar konur sem eru fullar af áhuga og allskonar hugmyndum og auðvelt að hrífast með. Það hefur verið og er yndislegt að tilheyra þessum hópi, allt skemmtilegt í kringum þennan félagsskap. Orka, kraftur og áhugi sem smitar mann og það er ekki lítils virði. Þó ég hafi verið lítið það á blaði þá er þetta uppfylling fyrir sálina.”

Þess má geta að Rannveig hefur tekið þátt á zoom-fundum í vetur og segist heyra betur í gegnum netið en í klíðnum á fjölmennum fundum. Hún lét sig samt ekki vanta á vorkund deildarinnar á Nauthól síðasta dag maímánaðar fáeinum dögum eftir að ég sat hjá henni og spjallaði. Þar sem ég vissi að hún er hagnæmt spurði ég út í skáldskaparlistina. Hógværðin er römm og af sínu lítillæti segist hún nú ekki vita hvort það sé mikill hæfileiki. Hún hefur þó hlýtt dætrum sínum og skrifar stöku sinnum niður það sem kemur upp í hugann. Sækir bók og ég gleymi mér við að fletta í henni. Þar eru nokkrar nýlegar vísur og þegar við kveðjumst fæ ég leyfi til að birta eina af þeim nýrri sem Veiga Sigga paraði í bókina nú á vordögum.



Vorvíska

Bíður vorsins blessuð lóa
blauta herðir sultarstrengi
Fagnar því er fer að gróa
finnst samt biðin löng.
Mannlegt eyra má þó heyra
mildan lóusöng.

Viðtalið tók Edda Pétursdóttir



Markmið samtakanna eru:

- **Að** efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- **Að** heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- **Að** efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- **Að** stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- **Að** veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- **Að** efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- **Að** fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta

Kappa Gamma:

*Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna
í fræðslustörfum og gæðum í
menntun og uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>